

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/


Reykjavík, 19. febrúar 2019


Tilvísun ríkissaksóknara: 201902-0122

Með bréfi Seðlabanka Íslands dags. 15. þ.m. var tveimur spurningum beint til ríkissaksóknara er lúta að afstöðum embættisins í kærumálum bankans vegna ákvörðunar sérstaks saksóknara um að hætta rannsókn í málum er vörðuðu ætluð brot á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum samkvæmt þeim.

Hvað fyrri spurninguna varðar skal tekið fram að í sjö afstöðubréfum ríkissaksóknara frá 20. maí 2014 kom skýrt fram það mat ríkissaksóknara að reglur Seðlabanka Íslands gátu ekki talist gild refsheimild fyrr en eftir gildistöku laga nr. 127/2011.

Ríkissaksóknari vísar til umfjöllunar í afstöðu embættisins frá 31. ágúst 2014, í máli sérstaks saksóknara nr. 090-2013-95, hvað varðar seinni spurningu bankans, en í því máli var augljóslega verið að fjalla um og taka afstöðu til annarra álitaefni og málsástæðna fyrir frávísun kæru en t.a.m. í málunum frá 20. maí 2014. Ríkissaksóknari telur ekki þörf á að rekja það frekar.

  
Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari



*Meðfylgjandi:*

*Afrit af bréfi ríkissaksóknara til umboðsmanns Alþingis dags. 17. ágúst 2018*

Seðlabanki Íslands